

Tilmæli 2/2021

Fyrri skjalsnúmer	A 1773/hállbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um þingmannatillögu um norrænt samstarf um nýtingu kolefnisviðtaka

Norrænt samstarf um nýtingu kolefnisviðtaka í því skyni að auka skilvirkni í starfi að loftslagsmálum

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 13. apríl 2021 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu Norræna sjálfbærninefndin.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að beita sér fyrir því að í loftslagsstefnum norrænu landanna sé lögð áhersla á að auka hlut kolefnisviðtaka í baráttunni gegn loftslagsbreytingum;

að beita sér fyrir því að Norðurlöndin myndi sér sameiginlega afstöðu til kolefnisjöfnunar með kolefnisviðtökum og kolefnisbirgðum, auk þess að vinna að því á norrænum vettvangi og innan ESB að þessi markmið verði fléttuð inn í alþjóðlega samkomulagið um loftslagsmál;

að vinna með hlutaðeigandi aðilum að því að þróa viðskiptalíkön sem hafa þann tilgang að auka fjárfestingar og efla samstarf í tengslum við bindingu og upptöku kolefnis með langtíma verðmætasköpun í huga sem hlytist af þróun, prófun og innleiðingu aðferða við bindingu kolefnis.

Kaupmannahöfn, 29. apríl 2021

Bertel Haarder

forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss.

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs